



Bæjarstjórn Blönduósbæjar

19. FUNDUR – 20. nóvember 2007

Bæjarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 19. fundar þriðjudaginn 20. nóvember 2007 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Einar Kolbeinsson ritaði fundargerð. Þorsteinn Þorsteinsson, endurskoðandi frá KPMG mætti til fundarins að öðru leyti er mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerð bæjarráðs frá 17. október.
2. Fundargerð bæjarráðs frá 30. október.
3. Fundargerð bæjarráðs frá 31. október.
4. Fundargerð bæjarráðs frá 15. nóvember.
5. Fundargerð æskulýðs- og tómstundanefndar frá 22. október.
6. Fundargerð framkvæmdahóps um byggingu sundlaugar frá 29. október.
7. Fundargerð skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 12. nóvember.
8. Fjárhagsáætlun 2008 – fyrirtæki og stofnanir - fyrri umræða.
9. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2007.

Forseti gerði að tillögu sinni að breyta röðun dagskrárliða þannig að fjárhagsáætlun 2008 og endurskoðuð fjárhagsáætlun 2007 yrðu tekin fram fyrir aðra dagskrárliði. Fundurinn samþykkti þessa tilhögun.

Afgreiðslur:

1. Fjárhagsáætlun 2008 – fyrirtæki og stofnanir- fyrri umræða.

Arnar Þór Sævarsson bæjarstjóri sagði frá undangenginni vinnu við fjárhagsáætlun Blönduósbæjar fyrir árið 2008. Þorsteinn Þorsteinsson endurskoðandi frá KPMG fór yfir áætlunina og skýrði einstaka liði. Einnig var lagt fram minnisblað með tillögum að breytingum varðandi fjárfestingar í áætluninni. Ágúst Þór óskaði eftir að fært yrði til bókar að hann geri fyrirvara við þær breytingar sem þar koma fram. Að loknum umræðum var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða að vísa áætluninni til annarrar og síðari umræðu í bæjarstjórn, en fyrrnefndu minnisblaði til nánari skoðunar og umræðu í bæjarráði.

2. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2007.

Að lokinni kynningu á helstu breytingum og umræðum var áætlunin samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

3. Fundargerð bæjarráðs frá 17. október sl.

Fundargerðin sem er í 8 liðum, kynnt og tekin til umræðu og afgreiðslu. Kári Kárason vildi að fram kæmi að hann sat hjá við afgreiðslu 6. liðar. Því næst var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

4. Fundargerð bæjarráðs frá 30. október sl.

Fundargerðin sem er í 2 liðum, kynnt og tekin til umræðu og afgreiðslu. Fundargerðin gefur ekki tilefni til ályktana.

5. Fundargerð bæjarráðs frá 31. október sl.

Fundargerðin sem er í 3 liðum, kynnt og tekin til umræðu og afgreiðslu. Fundargerðin gefur ekki tilefni til ályktana.

6. Fundargerð bæjarráðs frá 15. nóvember sl.

Fundargerðin sem er í 2 liðum, kynnt og tekin til umræðu og afgreiðslu. Fundargerðin gefur ekki tilefni til ályktana.



7. Fundargerð æskulýðs- og tómstundanefndar frá 22. október.

Fundargerðin sem er í 3 liðum, kynnt og tekin til umræðu og afgreiðslu. Því næst var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 6 atkvæðum, einn var fjarverandi.

8. Fundargerð framkvæmdahóps um byggingu sundlaugar frá 29. október.

Fundargerðin sem er í 3 liðum, kynnt og tekin til umræðu og afgreiðslu. Því næst var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

9. Fundargerð skipulags- byggingar- og veitunefndar frá 12. nóvember.

Fundargerðin sem er í 6 liðum, kynnt og tekin til umræðu og afgreiðslu. Því næst var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

Forseti las í fundarlok bréf frá leikskólastjóra þar sem bæjarstjórn er boðið til hátíðarsamkomu í tilefni af opnun viðbyggingar við skólann þann 1. desember næstkomandi.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:00

Valgarður Hilmarsson (sign.)
Héðinn Sigurðsson (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)
Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)
Kári Kárason (sign.)
Ágúst Þór Bragason (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)

Einar Kolbeinsson (sign.)